

Nd. **428. Frumvarp til laga** [242. mál]

um breytingu á lögum nr. 34 frá 29. maí 1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Guðmundur Einarsson.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 3. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Ef um lánsfé er að ræða skulu útlánakjör vaxta- og veðtryggingar eigi vera lægri en á aðfengnu lánsfé, að viðbætti 0,25% þóknun til veðdeildar.

2. gr.

Á eftir 6. gr. komi ný grein er verði 7. gr. og orðist svo:

Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum skv. lögum þessum, enda nægi eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingahæfum eignum.

3. gr.

8. gr. (sbr. 7. gr. laganna) orðist svo:

Að jafnaði má ekki lána nema gegn 1. veðrétti og aldrei yfir 75% virðingarverðs fasteignar. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétt ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan 75% virðingarverðs. Lánstíminn má aldrei vera yfir 25 ár, en nánari ákvæði um lánstíma, eftir því hvorrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

Greinargerð.

Frumvarp þetta til laga um breytingar á lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands er flutt í framhaldi af umræðum í landbúnaðarnefnd um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán 1984.

Minni hl. landbúnaðarnefndar komst að þeirri niðurstöðu að sérstök lög, er heimili breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, væru óþörf þar sem gildandi lög um veðdeild Búnaðarbanka Íslands veiti veðdeildinni þegar ótvíræðar lagaheimildir til útgáfu banka-vaxtabréfa og veitingu lána gegn veði í fasteignum. Til fyrirhugaðrar skuldbreytingar skortir því ekki lagaheimildir, heldur fjármagn. Hvort af skuldbreytingunni getur orðið ræðst því fyrst og fremst af tvennu:

1) Samþykkt Alþingis fyrir útvegum nýs fjármagns, með nýjum erlendum lántökum eða á annan hátt, til þess að hreinsa upp vanskil við viðskiptaaðila, stofnlánadeild og veðdeild, svo að umsækjendur verði lánshæfir.

2) Hvaða kjör á „reiðufjárhluta lánanna“ um semst milli lánardrottna og lántakenda, þannig að báðir aðilar sjái sér hag í lengingu lánanna. (Sjá nefndarálit minni hl. landbúnaðarnefndar á þskj. 429).

Skv. tillögum og greinargerð nefndar um könnun á fjárhagsvanda bænda 1984 þykir eftir sem áður æskilegt að gera minni háttar breytingar á gildandi lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands til þess að greiða fyrir framkvæmd skuldbreytingar, ef tilskilið fjármagn fæst og um semst milli aðila um lánskjör.

Þessar tillögur eru fluttar með hliðsjón af áliti nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í bréfi „nefndar til könnunar á fjárhagsvanda bænda“ til landbúnaðarráðuneytis (dags. 2. mars 1984) er lagt til að „kjör reiðufjárhluta lánanna verði hin sömu og á aðfengna fénu, að viðbættu ½% álagi veðdeildarinnar“. Í bréfi til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis frá Guðmundi Sigurðssyni, Áslandi, Hrunamannahreppi, Árnessýslu, er lagt til að álag veðdeildar verði 0,25% og bent á, að fyrir nokkru var álag Framkvæmdasjóðs á endurlánað lánsfé endurskoðað og lækkað úr 1% í 0,25%. Flutningsmanni þykir rétt að lánskjörin verði með þessum hætti ákveðin á löggjafarstigi, fremur en að framselja það vald í hendur ráðherra.

Um 2. gr.

Samhljóða ákvæði er að finna í frumvarpi til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Hér með er lagt til að þetta ákvæði verði fært inn í lögum um veðdeild Búnaðarbankans fremur en að um það verði sett sérstök lög. Í bréfi formanns undirbúningsnefndar, sem kannaði fjárhag bænda, til landbúnaðarráðherra (dags. 23. febr. 1984) segir um þetta umdeilda ákvæði:

„Veðleyfi eigna á ríkissjóðsjörðum eru nauðsynleg sökum ódeilanleika veðréttar í lögbýlum. Með þessu móti er gætt réttar leiguliða sem eiga annars nægar veðhæfar eignir og má telja hart ef þeim er ekki unnt félagslegs jafnræðis við jarðareigendur. Framkvæmd þessa ákvæðis styðst við venjur.“

Um 3. gr.

Í tillögum nefndarinnar um almenna skuldbreytingu í þágu bænda (dags. 9. sept. 1983) segir um þetta efni á bls. 2:

„Þar sem gildandi lög um veðdeild Búnaðarbankans heimila ekki hærra veðsetningarhlutfall en 60% er nauðsynlegt að setja lög um skuldbreytinguna er heimili 75% veðsetningu.“